

Gleypir ehf.  
Rauðhelli 3  
221 Hafnarfirði



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Akureyri, 16. nóvember 2023  
MÍ202310-0098/ 6.06 / S.G./5319, 6700

### Lundargata 4-6, Akureyri – tillögur að nýbyggingu og breytingum

Í ágúst 2023 barst Minjastofnun tilkynning frá verkefnastjóra eftirlits byggingaráforma á Akureyri um að skúr við Lundargötu 4 hefði verið rifinn. Skúrinn var byggður árið 1914 og naut því friðunar skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Framkvæmdir voru stöðvaðar.

Skv. skýringu eiganda höfðu framkvæmdir verið hafnar við stækkun skúrsins með þeim afleiðingum að hann hrundi. Ekki hafði verið sótt um byggingarleyfi né heimild Minjastofnunar fyrir stækkun hins friðaða skúrs og var því um óleyfisframkvæmd að ræða, sem endaði með niðurrifi í leyfisleysi.

Nú hefur Minjastofnun Íslands borist uppdráttur sem sýnir tillögu að nýbyggingu á lóðinni þar sem hinn friðaði skúr stóð áður. Um leið gerir tillagan ráð fyrir breyttri notkun á húsinu númer 6b við Lundargötu en nýbyggingin yrði reist við suðurgafli þess húss. Húsið Lundargata 6b var reist árið 1931 skv. Fasteignaskrá. Það telst því umsagnarskylt, skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

#### Lundargata 4:

- Tillagan gerir ráð fyrir stærri skúr í stað þess sem nú er horfinn, um 2 metrum dýpri til vesturs, sem því gengur lengra inn á suðurgafli húss nr. 6b (fram yfir miðjan gafli) en sá sem fyrir var.
- Þakkantur er í tillögunni þykkari en var á skúrnum sem fyrir var.
- Í stað þriggja glugga sunnan við breiða skúrhurð á langvegg sýnir tillagan tvær bílskúrhurðir og enga glugga á framhlið nýbyggingar.
- Tillagan gerir ráð fyrir að nýi skúrinn verði klæddur með sams konar borðaklæðningu og þegar er á íbúðarhúsinu við Lundargötu 6 sem stendur við götuna.

#### Lundargata 6b, breytingar á húsinu skv. tillögu:

- Gafiveggir hækkaðir ásamt þaki og þakhalla breytt til samræmis við þakhalla á íbúðarhúsi sem er um 30°.
- Gluggasetningu breytt. Tillagan sýnir styttri glugga en þá sem eru í húsinu í dag. Gönguhurð á vesturhlið (götuhið) breytt í glugga og öðrum glugga bætt við. Einnig kemur gluggi í stað gönguhurðar á austurhlið og öðrum glugga bætt við þar. Gönguhurð sem áður var á suðurgafli hússins verður opnuð að nýju.
- Þakkantur þykkari og nær út fyrir suður- og norðurenda húss en í dag ná steyptir gaflar hússins upp úr þaki.
- Tillagan gerir ráð fyrir að húsið verði klætt með borðaklæðningu eins og er á húsinu við Lundargötu 6.

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Minjastofnun staðfestir ekki núverandi tillögu að nýbyggingu við Lundargötu 4 og gerir athugasemdir við tillögur að útlitsbreytingum á Lundargötu 6b.

Bakhúsin við Lundargötu 6, Lundargata nr. 4 og 6b, bera með sér yfirbragð bakhúsa sem hafa hýst einhvers konar léttan iðnað eða atvinnustarfsemi. Minjastofnun telur að það svipmót skuli varðveita í nýbyggingu við Lundargötu 4, og við breytingar á Lundargötu 6b í íbúðarhúsnæði.

Ýmsar breytingar sem núverandi tillaga sýnir samræmast ekki þessu meginmarkmiði. Þar á meðal er klæðning bakhúsanna með borðum til samræmis við íbúðarhúsið, nútímalegar bílskúrshurðir á báðum húsunum og breytingar á stærð og hlutföllum glugga í húsinu við Lundargötu 6b, ásamt breytingum á þaki og frágangi þaks og þakkanta.

Húsið við Lundargötu 6b er steinsteypt hús og Minjastofnun mælir með því að útlitseinkenni þess og frágangur miðist við það. Þannig verði þak hússins ekki hækkað upp fyrir steinsteypta gafla sem nú eru einkennandi útlitsatriði á húsinu. Breytingarnar sem lagðar eru til draga úr einkennum hússins og þakkantur sem nær út fyrir gaflveggi skarast á ósannfærandi hátt við nýbyggingu við suðurendann (skúr við Lundargötu 4- sjá Útlit Austur og Snið 3-3). Stofnunin mælir því með að þakhalli og frágangur við gafla og þakkanta haldist óbreyttir.

Ekki er gerð athugasemd við stærð nýbyggingar að Lundargötu 4, né að hurðum sé breytt í glugga og gluggum fjölgað á húsinu nr. 6b, en mælt með því að útlit glugga miðist við núverandi gerð. Í tillögunni er ekki tekið fram úr hvaða efni nýjr gluggar skuli vera en Minjastofnun mælir með því að þeir verði úr timbri en ekki úr öðrum efnum, t.d. plasti eða áli.

Loks mælir Minjastofnun með því að hafa áfram amk einn glugga á götuhlið nýbyggingar við Lundargötu 4 og að innkeyrsluhurðir (bílskúrshurðir) verði ekki með nútímalegu sniði heldur miðist útlit þeirra við núverandi dyr á innkeyrsluhurð í norðurenda Lundargötu 6b sem blasir við frá götu. Þetta mætti þó útfæra sem útlit á einni flekahurð sem opnast upp eins og bílskúrshurðir gera.

Að mati Minjastofnunar hefur byggðin á Oddeyrinni mikið menningar sögulegt og umhverfislegt gildi. Svipmót byggðarinnar einkennist af lágreistri byggð stakstæðra húsa frá aldamótum og fram til miðrar 20. aldar. Gæta þarf að því að nýbyggingar og breytingar á húsum innan Oddeyrar séu í samræmi við byggðamynstur, aldur og gerð húsanna á svæðinu því hver óvarleg breyting getur haft þau áhrif að samhengi og svipmót byggðarinnar á Oddeyri veikist. Það er yfirlýst markmið Akureyrarbæjar í gildandi Aðalskipulagi að vernda byggðarmynstur á Oddeyri og Minjastofnun Íslands styður það markmið.

Virðingarfyllst,

*María Gísladóttir*

María Gísladóttir  
Arkitekt Minjastofnuna

*Sædis Gunnarsdóttir*

Sædis Gunnarsdóttir  
minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Steinmar H. Rögnvaldsson ([steinmar@akureyri.is](mailto:steinmar@akureyri.is))

Arnar Ólafsson ([arnaro@akureyri.is](mailto:arnaro@akureyri.is))

Eyþór Snær Eyþórsson ([eythor@bahus.is](mailto:eythor@bahus.is))

Brynjólfur Árnason ([binni@bahus.is](mailto:binni@bahus.is))

Gunnar Pétur Árnason ([gunnar@verkvik.is](mailto:gunnar@verkvik.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds.

Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.